

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 28/2017****2018/EES/78/28****frá 3. febrúar 2017****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1802 frá 11. október 2016 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 414/2013 um að tilgreina málsmeðferð við veitingu leyfa fyrir tilsvaramandi sæfivörum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 <sup>(1)</sup>.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi bætist við í lið 12zzp (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 414/2013) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32016 R 1802**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1802 frá 11. október 2016 (Stjtíð. ESB L 275, 12.10.2016, bls. 34).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2016/1802, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. febrúar 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 275, 12.10.2016, bls. 34.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.